



Viðskiptasamningur

Undirritaðir aðilar, N1 hf. kt. 540206-2010, Dalvegi 10-14 í Kópavogi, í samningi þessum nefndur seljandi og Verkalýðsfélag Akraness, Akranesi fyrir hönd félagsmanna sinna í þessum samningi nefndir kaupendur, gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

Verkalýðs- og sjómannafélagið lofar að stuðla að því að kaupendur kaupi allt fljótandi eldsneyti og aðrar olíuvörur af seljanda á tímabilinu 1. sept 2010 til 31. ágúst 2012 á meðan viðskiptasamningur þessi er í gildi. Aðrar vörur munu kaupendur kaupa af seljanda eins og þeir hafa þörf fyrir hverju sinni og án skuldbindinga um magn.

2. gr

Afsláttarkjör verða með eftirfarandi hætti:

Gasolía og bensín

Afsláttur miðast við að greitt sé með annað hvort;

- Viðskiptakorti N1 (reikningsviðskipti) tengdu Safnkorti N1 eða
- Greiðslulykli N1 (tengdum debet- eða kreditkorti) sem tengd hafa verið Safnkorti N1:

Afsláttur er kr. 6,00 per ltr m. vsk frá dæluverði eins og það er á hverjum tíma hjá seljanda.

Skiptist í;

sérstakan afslátt af dæluverði kr. 4,00 per ltr og

safnkorstpunkta kr. 2,00 per ltr

Sama grunnverð um allt land. Ef um sérstök staðbundinn tilboð er að ræða þá reiknast dæluafláttur ætíð frá því dæluverði sem þá er í gildi.

Smurolía

Afsláttur af smurolíu er 15%

Afsláttur af vinnu við smurþjónustu á þjónustuverkstæðum seljanda er 15%.

(Til einstaklinga eru 3% af afslættinum í formi safnkortspunkta)

Hjólbarðar

Afsláttur af hjólbörðum er á bilinu 12-15% mismunandi eftir vöruflokkum.

Afsláttur af vinnu við hjólbarða á þjónustuverkstæðum seljanda er 15%.

Afsláttur af dekkjageymslu er 15%.

(Til einstaklinga eru 3% af afslættinum í formi safnkortspunkta)

Bíla- og rekstrarvörur

Afsláttur af bíla- og rekstarvörum er u.þ.b. 10-30% í verslunum seljanda, mismunandi eftir vöruflokkum. (dæmi: bremsur 20%, bílperur 18%, síur 30%, rafgeymar 18%, bón og hreinsivörur 20%, ljósabúnaður 18%, pappírsvörur 15%, rafhlöður 20%, vinnufatnaður 15%) Afsláttur af vinnu á verkstæði seljanda Funahöfða (ísetningar tækja, radíoviðgerðir, mótörhjólaviðgerðir, o.fl.) er 10%.

(Til einstaklinga eru 3% af afslættinum í formi safnkortspunkta)

Mótörhjólavörur

Kaupendur fá 13% afslátt af Nítró vörum í verslunum seljanda s.s. fatnaði, aukahlutum, varahlutum o.fl. (mótörhjól, fjórhjól, vespur, Jet-Ski o.s.fv. eru undanskilin).

(Til einstaklinga eru 3% af afslættinum í formi safnkortspunkta)

Safnkortspunktar

Kaupendur geta greitt með viðskiptakorti fyrir allar vörur í verslunum, þjónustustöðvum og þjónustuverkstæðum N1 og gefur það 3% í viðbótarafslátt (af öðru en eldsneyti, tóbaki, matvörum o.fl.) í formi safnkortspunkta (**1 punktur = 1 króna**). Hægt er að greiða með safnkorti á öllum sölustöðum N1 og nýta þannig uppsafnaða safnkortspunkta ásamt því að í sérstökum safnkortstilboðum býðst viðskiptavinum enn betri nýting punkta.

3. gr.

Greiðslukjör

Til þess að njóta umsamdra kjara verður hver kaupandi (félagsmaður) að sækja um viðskiptakort og/eða greiðslulykil og verður síðan stofnaður sem viðskiptamaður. Miðað er við að kaupandi í reikningsviðskiptum geri upp viðskiptaskuld sína mánaðarlega innan 20 daga frá lokum úttektarmánaðar.

Yfirlit og reikningar

Yfirlit og reikningar eru sendir út einu sinni í mánuði og koma upplýsingarnar þar sundurliðaðar á vöruflokk. Þar má sjá hvar og hvenær afgreiðsla átti sér stað, upphæð, afslátt o.s.frv. Ef keyptar eru vörur eru þær sundurliðaðar eftir vörunúmerum.

4. gr.

Þjónusta

Seljandi hefur þéttriðið net afgreiðslustaða um allt land, þar sem viðskiptavinir ganga að góðri þjónustu vísri.

Seljandi rekur 20 verslanir í öllum landshlutum, þar fást m.a. flestar bílavörur, rekstrarvörur og varahlutir. Einnig rekur seljandi um 100 þjónustustöðvar víðsvegar á landinu.

Hjá seljanda er starfrækt þjónustuver sem er ætlað að tryggja að erindi viðskiptavina fái örugga og skjóta afgreiðslu. Starfsfólk þjónustvers býr yfir mikilli reynslu og vörubekkingu. Þjónustuverið er opið virka daga frá 8 –17 en bakvakt er eftir kl. 17 og um helgar.

Seljandi mun kappkosta að veita kaupendum bestu fánlegu þjónustu sem völ er á. Sérstakur viðskiptasjóri hjá seljanda mun hafa umsjón með framkvæmd samnings þessa og mun hann tryggja að kaupendur njóti þeirrar þjónustu og athygli sem lofað er af seljanda hverju sinni. Viðskiptastjórinn er Eyjólfur Sverrisson, eyjolfurs@n1.is gsm 660-3402

5. gr.

Viðskiptasamningur þessi gildir frá 1. sept 2010 í tvö ár og er óuppsegjanlegur á því tímabili. Að þeim tíma liðnum framlengist samningurinn í sex mánuði í senn með óbreyttum skilmálum, segi annar hvor samningsaðilinn honum ekki upp með 3ja mánaða fyrirvara.

6. gr.

Komi til styrjaldar, náttúruhamfara, verkfalla eða farist olíuskip á vegum seljanda svo að seljandi geti ekki staðið við afhendingu eldsneytis til kaupanda skv. 1. gr., þá skapar það ekki seljanda skaðarbótarskyldu gagnvart kaupendum. Komi til atvika sem grein þessi tekur til, þá skal seljandi þó gera allt sem í hans valdi stendur til að útvega kaupendum eldsneyti eins fljótt og kostur er.

7. gr.


Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu frumeintaki. Samningur þessi er trúnaðarmál milli kaupenda og seljanda. Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 31. ágúst 2010

f.h. N1 hf.


f.h. Verkalýðsfélags Akraness


 Eyjólfur Sverrisson


 Verkalýðsfélag Akraness

Vottar að rétttri dagsetningu
 undirskrift og fjárræði aðila.


 Aunur Finnboaga d. 2110534109


 Nafn. Degbjört Guðmundsdóttir kt. 2601823159